

## Fundargerð 20. fundar stýrihóps um endurskoðun skólastefnu

Fundardagur: 16. mars 2017.  
Fundarupphaf: Kl. 13  
Staðsetning: Skrifstofa sviðsstjóra.

Mætt: Kjörnir fulltrúar fræðsluráðs, þeir Hörður Svavarsson, Sverrir Garðarsson og Kristinn Andersen auk starfsmanna fræðslu- og frístundaþjónustunnar, þeirra Jennýjar D. Gunnarsdóttir þróunarfulltrúa leikskóla og Vigfúsar Hallgrímssonar þróunarfulltrúa grunnskóla.

Mál sem voru rædd á fundinum:

### 1. mál: **Flokkun skólastefnukafla yfirfarin.**

Ákveðið að endurskoða kaflaskiptinguna sem unnið er út frá í eftirfarandi yfir- og undirkafla:

#### NEMANDINN Í FORGRUNNI

Menntun, hæfni og þroski  
Heilbrigðir lífshættir  
Líðan, velferð og félagsfærni nemenda  
(Lýðræði og borgaravitund)

#### UMGJÖRÐ OG STUÐNINGUR

Skólauppbygging  
Stoðþjónusta (skólaþjónusta, heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta)  
Starfsskilyrði í skólum  
Upplýsingatækni  
Mat og árangur

#### SAMFÉLAGIÐ

Samstarf skólastiga  
Skóli, (fjöl)menning og atvinnulíf  
Fjölskyldan og heimilið

Kristinn mun eftir fundinn flytja allt efni sem er til í nýja kaflaskiptingu fyrir næsta fund. Á næsta fundi er svo farið að skoða með inntakið og ná samstöðu um það.

Næsti fundur er boðaður fimmtudaginn 23. mars kl. 14-15.

Fundarslit kl. 14. 15

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson